

KJARASAMNINGUR
milli
Starfsmannafélags Suðurnesja, Starfsmannafélags Hafnarfjarðar og Starfsmannafélags
Vestmannaeyjabæjar
og
Samtaka atvinnulífsins vegna HS Veitna hf.

1. gr.

Kjarasamningur þessi gildir frá og með 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Hann felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamningum HS Veitna hf. og stéttarféлага sem aðild eiga að samningi þessum.

2. gr.

Launabreytingar

Kauptaxtar kjarasamninganna hækka á samningstímabilinu sem hér segir:

1. apríl 2019:	17.000 kr.
1. apríl 2020:	24.000 kr.
1. janúar 2021:	24.000 kr.
1. janúar 2022:	25.000 kr.

Kjaratengdir liðir kjarasamningsins hækka um 2,5% á sömu dagsetningum, nema um annað hafi verið samið.

3. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:
Á árinu 2019 131.000 kr.

Uppbótin hækkar um 2,5% árlega eftir það árin 2020 – 2022.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2019 verði orlofsuppbót kr. 71.500.

Uppbótin hækkar um 2,5% árlega eftir það árin 2020 – 2022.

4. gr.

Stytting og skipulag vinnutíma

Þann 1. janúar 2020 styttist vinnutími og verður 36 klst. virkar á viku m.v. fullt starf án skerðingar dagvinnulauna. Sjá yfirlýsingu um framkvæmd.

KRF
EBE
100
RIF
X

5. gr.

Breytingar á einstökum ákvæðum kjarasamnings

Ákvæði um orlofsávinnslu breytast frá og með 1. maí 2020:

Við ráðningu:	25 dagar (orlofslaun 10,64%)
Eftir 1 árs starf hjá HS Veitum hf.	27 dagar (orlofslaun 11,57%)
Eftir 3 ára starf hjá HS Veitum hf.	30 dagar (orlofslaun 13,04%)

Aukin orlofsávinnsla / hækkun orlofslauna tekur gildi 1. maí eftir að ofangreindum starfstíma er náð. Starfsmaður sem kann að hafa áunnið sér meiri rétt á grundvelli eldri ákvæði heldur þeim rétti.

Við ákvæði um veikindi barna bætist nýr málslíður:

Sama á við um börn undir 16 ára aldri í alvarlegum tilvikum sem leiða til sjúkrahúsvistar a.m.k. einn dag.

6. gr.

Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar SA og viðsejenda dags. 3. apríl 2019. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um hagvaxtarauka og kauptaxtaauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. apríl sl. verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

7. gr.

Atkvæðagreiðsla o.fl.

Tilkynna skal um niðurstöðu atkvæðagreiðslu eigi síðar en föstudaginn 18. október 2019.

Við uppgjör launa frá 1. apríl sl. kemur til frádráttar innborgun á kjarasamninga að upphæð 100.000, sbr. samkomulag þar um frá júní 2019. Til viðbótar við uppgjör greiðast kr. 26.000, m.v. fullt starf.

Samningaaðilar munu vinna að því að ljúka uppfærslu kjarasamningsins fyrir lok árs 2019.

Reykjanesbæ, 2. október 2019.

F.h. STFS, STH og Stavey

Jóhanna B. Ólafsson
Karl Rúnar Þórisson
Lárus Björkinn Ólafsson
Lárus B. Ólafsson

F.h. Samtaka atvinnulífsins
vegna HS Veitna hf.

Ragnheiður
Ragnheiður

RBF

Bókun um endurmenntun og raunfærnimat

STFS, STH og Stavey annars vegar og HS Veitur hf. hins vegar eru sammála um mikilvægi vinnustaðarins sem námsstaðar og munu fylgjast með vinnu við uppbyggingu raunfærnimats, sbr. bókun um endurmenntun og raunfærnimat í kjarasamningum aðildarsamtaka á almennum vinnumarkaði.

Yfirlýsing HS Veitna hf. um framkvæmd vinnutímastyttingar

HS Veitur hafa ákveðið, eftir samráð við fulltrúa starfsmanna, að vinnutími verði stytur um eina klst. á föstudögum, þ.e. frá kl. 16:00 til 15:00 þar sem það á við og frá kl. 13:00 til 12:00 þar sem það á við.

Yfirlýsing HS Veitna hf. um breytt verklag

HS Veitur munu ganga frá verklagsreglu varðandi bakvaktir m.a. hvernig lágmarkshvöld verði náð, hvenær „áreiti“ sé það mikið að það teljist vinna o.s.fr.

Ákvæðum rekstrarhandbókar um orlof verður breytt. Ákvæði sem hljóðar svo: „Ef vegna sérstakra aðstæðna starfsmaður getur ekki tekið út allt orlof skv. ofangreindu skal það skoðað sérstaklega.“ fellur brott en í þess stað kemur eftirfarandi: „Ef starfsmaður getur ekki tekið út allt orlof skv. ofangreindu vegna sérstakra aðstæðna svo sem álags í vinnu, veikinda o.s.fr. skal það skoðað sérstaklega.“

Handwritten notes and signatures in blue ink:

- Handwritten initials: **FI**
- Handwritten initials: **1880**
- Handwritten signature: **RUTE**
- Handwritten signature: **SB**
- Handwritten signature: **RRP**
- Handwritten signature: **EBE**